

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 19. ágúst kl. 10:25 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1219. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Hafðís Anna Bragadóttir og Sigrún Reynisdóttir.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Arnarbakki 2 - USK25050341

Sótt er um leyfi til að byggja tvö 3.-4. hæða fjölbýlishús, mhl. 01 og mhl. 02, með 70 námsmannaíbúðum á 2.-4. hæð, sameiginleg rými fyrir íbúa á 1. hæð mhl. 01, fimm deilda leikskóli á 1. hæð mhl. 02 ásamt hjóla- og sorpskýlum, mhl. 03 og mhl. 04 á lóð nr. 2 við Arnarbakka.

Stærð, mhl. 01: 3.152 ferm., 9.718,6 rúmm.

Mhl. 02: 4.237 ferm., 14.406,7 rúmm.

Mhl. 04 , B-rými: 50,3 ferm.

Erindi fylgir orkurammi, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 18. júní 2025 og brunahönnun frá Lotu síðast uppfærð dags. 31. júlí 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

2. Austurbrún 6 - USK25010214

Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir 5-gáma djúpgámasetti sem þjóna á alls 77 íbúðum í fjölbýlishúsunum við Austurbrún 6, mhl.01, og 6A, mhl.02. sem staðsettir verða norðan við inngang að mhl.01 á lóð nr. 6 við Austurbrún.

Erindi fylgir ódagsett greinargerð kynning Noland um djúpgáma, áætlaðan fjölda, aðgengi og losun.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að gera nýjan viðauka við þinglýsta eignaskiptayfirlýsingu sem útskýrir skiptingu og viðhaldskostnað vegna djúpgáma.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á viðauka er hafinn. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

3. Ánanaust 8 - USK25050205

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24010259 og reisa nýja starfsmannabyggingu úr stáleiningum á lóð nr. 8 við Ánanaust.

Frestað. Vísað til athugasemda.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

4. Ármúli 10 - USK25070312

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta hárgreiðslustofu í rými ? á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 10 við Ármúla.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Ármúli 38 - USK25040303

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun rýmis 0301 og innrétta íbúð í stað skrifstofu á 3. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 38 við Ármúla.

USK25040303 er rafrænt framhald af erindi BN060263 sem jafnframt er dregið tilbaka.

Hjálögð er umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2023 og 10. júní 2022.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 8. júlí 2025 og dags. 21. apríl 2025 og fylgiskjal með skýringum breytinga og samþykki meðlóðarhafa mhl.01, 02 og 03 dags. 5. janúar 2021 og yfirlit breytinga dags. 20. apríl 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Borgartún 35 - USK25070279

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057676 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 35 við Borgartún.

Erindinu fylgir yfirlit breytinga og samþykki annarra eiganda í húsinu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Borgartún 5 - 20 feta gámur - USK25040112

Sótt er um stöðuleyfi fyrir 20 feta geymslugám í porti við Guðrúnartún 6 á lóð nr. 5 við Borgartún.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Breiðagerði 8 - USK25070145

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum steinsteyptum stoðveggjum á lóðarmörkum aðliggjandi lóða einbýlishúss á lóð nr. 8 við Breiðagerði.

Erindi fylgir ódagsett samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Bríetartún 10 - USK25060384

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum með því að færa til fyrra horfs og skipta íbúð 0201 í tvær minni íbúðir, 0201 og 0202, á 2. hæð í fjölbýlishúsi nr. 10, mhl.01, á lóð nr. 8 við Bríetartún.

Erindi fylgir samþykki íbúðareigenda að Bríetartúni 10 áritað á teikningu JODA arkitekta dags. 25. júní 2025 ásamt afriti af umboði dags. 31. júlí 2025 og yfirlit breytinga á afrit aðaluppdráttar samþykktum 10. júní 2003.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

10. Dugguvogur 46 - USK25070393

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23060257 en breyting er á texta brunahönnuðar hvað varðar þrep í stigum í húsi á lóð nr. 46 við Dugguvog.

Erindi fylgir minnisblað brunahönnuðar dags. 15. apríl 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

11. Efstasund 49 - USK25070344

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri íbúð í rými 0001, í eignaskiptayfirlýsingu skilgreind sem "ósamþykkt séreign", í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 49 við Efstasund.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Efstasund 59 - USK25050301

Sótt er um leyfi til að sameina matshluta mhl.01 og mhl.02, breyta innra skipulagi, hækka þak bílskúrs, og byggja einnar hæðar viðbyggingu við austurhlið og að bílskúr, einangra að utan og klæða með áklæðningu einbýlishús á lóð nr. 59 við Efstasund.

Stækkun: 84.5 ferm., 274.6 rúmm.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. bókun á embættisfundi skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2025.

Erindi fylgir samþykki aðliggjandi lóðarhafa að Efstasundi 61 og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Engjateigur 3 - USK25060023

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, bæta aðgengi fyrir alla og innréttu snyrtistofu fyrir alls ? gesti og ? starfsmenn í rými 0101 á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi við Engjateig 3, mhl.01, á lóð nr. 3 við Engjateig.

Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlitsins dags. 2. júlí 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 31. október 2006.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

14. Fiskislóð 45 - USK25060073

Sótt er um leyfi til þess að fækka eignum með því að sameina rými 0104 og 0204, breyta innra skipulagi og innréttu dýralæknastofu með móttökurýmum, skoðunarherbergjum, skurðstofum, röntgenstofu, hvíld og starfsmannaaðstöðu á millilofti, rými 0221, á 1. og 2. hæð, einnig er iðnaðarhurð skipt út með glugga á norðurhlið á 1. hæð í iðnaðarhúsi á lóð nr. 45 við Fiskislóð.

Erindi fylgir greinargerð um hönnun dýralæknastofu dags. 5. apríl 2025, samþykki meðlóðarhafa dags. 20. janúar 2025 og greinargerð Brunahönnunar sfl, um brunavarnir dags. 28. maí 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 22. maí 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

15. Fossaleynir 1 - USK25070217

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum með því að skipta rými 0101 í tvær eignir, rými 0101, keilusal og rými 0201 kvikmyndahús, uppfæra jafnframt skráningu og eignaskiptayfirlýsingu kvikmyndahúss og keilusalar mhl.01, á lóð nr. 1 við Fossaleyni.

Erindi fylgir greinargerð frá hönnuði dags. 8. júlí 2023, Viðauki við eignarskipayfirlýsingu dags. júlí 2025, eldri eignaskiptayfirlýsingar dags. desember 2023 og júlí 2018, Fylgiskjal 1 - Teikningar - viðauki dags. 10. júlí 2025, Fylgiskjal 2 - Skráningartafla dags. 9. júlí 2025 og Fylgiskjal 3 - Afstöðumynd dags. 24. nóvember 2023

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Freyjugata 16 - USK24090192

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061489 vegna lokaúttektar þannig að gerð er grein fyrir sorpgeymslu og geymsluskúr við hús á lóð nr. 16 við Freyjugötu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

17. Funafold 39 - Gámur í innkeyrslu - USK25060321

Sótt er um leyfi fyrir gám vegna framkvæmda í húsi. Hann mun standa í innkeyrslu á lóð nr. 39 við Funafold.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Granaskjól 18 - USK25060185

Sótt er um leyfi til að fjölga bílastæðum um eitt og byggja við lóðarmörk að lóð nr. 20, bílskúr, mhl.02, úr timbri, einangraðan og klæddan utan með klæðningu í flokki 1 sem tilheyrir íbúð 0201 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 18 við Granaskjól.

Stærð: 35.7 ferm., 121.5 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa og lóðarhafa aðliggjandi lóða dags. 6, og 28. júlí 2025, mæliblað 1.515.6 dags. 2. nóvember 1954 og afrit af aðaluppdrætti samþykktum 26. maí 1991.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

19. Grensásvegur 1B - USK25070314

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0105 í húsi á lóð nr. 1B við Grensásveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Gufunes skolpdælustöð - USK25080036

Sótt um byggingarheimild til að klæða sýnilega hluta mannvirkisins á lóð skolpdælustöðvar við Gufunes.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Gullengi 37 - USK25070255

Sótt er um heimild til að setja svalalokanir á allar svalir fjölbýlishúsa, mhl.01, mhl.02 og mhl.03, á lóð nr. 29-39 við Gullengi.

Erindi fylgir fundargerð aðalfundar húsfélagsins Gullengi 29-39 dags. 11. mars 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík - USK25070378

Sótt eru um stöðuleyfi fyrir gám sem á að nýttast til að geyma reiðhjól starfsmanna á lóð nr. 5 við Gylfaflöt. Stærð 2,4 x 60,6m.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Hagamelur 67 - USK25030197

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á veitingastað í flokki II tegund a fyrir alls 30 gesti í rými 0101 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 67 við Hagamel.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð hönnunarstjóra.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

24. Hofteigur 23 - USK23090306

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi íbúðar 0101, byggja svalir á suðurhlíð 1. hæðar, breyta glugga í svalahurð og til að byggja bílskúr, mhl02, í norðvestur horni íbúðarhúsalóðar nr. 23 við Hofteig.

Erindi fylgir mæliblað dags. nóvember 1948, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2023 og yfirlit breytinga á ósamþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Hraunberg 12 - USK25060005

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun dagheimilis í frístundaheimili fyrir alls 50 börn og 10 starfsmenn, breyta innra skipulagi, bæta aðgengi og flóttaleiðir með tilliti til algildrar hönnunar og gera nýjan inngang á suðvesturhlið húss á lóð nr. 12 við Hraunberg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 9. júní 1983.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Hringbraut Landsp. - USK25060255

Sótt er um að reisa rofastöð á Landsspítalalóð.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

27. Hringbraut Landsp. - USK25040028

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052751 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt, staðsetningu svala er breytt á suðurhlið 1.- 3. hæðar auk þess sem breytingar hafa verið gerðar á brunaskilum í Hjúkrunarskólanum við Eiríksgötu 34a, mhl. 07, á lóð Landspítalans við Hringbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

28. Hrístateigur 31 - Byggingaleyfi - USK25040391

Sótt er um stöðuleyfi fyrir kvist á hús nr. 31 við Hrístateig.

Synjað. Samanber athugasemdir á leiðbeiningarblaði.

29. Hverfisgata 94 - USK25030454

Sótt er um leyfi til að innrétta leikjarými á 1. hæð, rými 0102 í húsi á lóð nr. 94 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar ódagsett, samþykki eiganda rýmis 0102 dags. 25. júní 2025, hljóðvistarskýrsla frá Trivium dags. 4. júlí 2025 og greinargerð I v/hljóðvistar dags. 5. október 2016.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Kleifarvegur 14 - USK25040219

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innrétta sem vinnustofu bílskúr, mhl.70, við einbýlishús á lóð nr. 14 við Kleifarveg.

Stækkun mhl.70: 0.0 ferm., 79.0 rúmm.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa við Kleifarveg 12 á teikningu KLE_AU_02 dags. 4. júlí 2025, umsögn verkfræðistofunnar Teknik dags. 10. júní 2025, greinargerð hönnuðar dags. 10. júní 2025, greinargerð hönnuðar dags. 11. apríl 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 25. október 1956.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar og/eða til grenndarkynningar skipulagsfulltrúa.

31. Koparslétta 3 - USK25060386

Sótt er um stöðuleyfi fyrir skúr vegna umbóta í 12 mánuði á lóð nr. 3 við Koparsléttu. Stærð 7,5 x 3 metrar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Langholtsvegur 158 - USK24070031

Sótt er um stöðuleyfi til að koma fyrir gámi á bílskúrsplötu á lóð nr. 158 við Langholtsveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Laugarnesvegur 91 - USK25070326

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi flóttaleiða milli kennslurýma á jarðhæð og úr sal á 1. hæð á lóð nr. 91 við Laugarnesveg.

Erindi fylgir samantekt brunavarna.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Laugavegur 1 - USK25010147

Sótt er um leyfi til að rífa að hluta og endurgera framhús, stækka með viðbyggingu við bakhlið og innrétta sem verslun í kjallara og jarðhæð og gistirými á efri hæð húss, mhl.01, á lóð nr. 1 við Laugaveg

Stækkun: 530.1ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir mæliblað 1.171.0 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. maí 2022 og deiliskipulagsuppdráttur fyrir reit 1.171.0 samþykkt í borgarráði 11. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 15. júní 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málið til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa

35. Laugavegur 12B - USK25070262

Sótt er um leyfi til þess að rífa verslunar- og íbúðarhús, mhl.01, á lóð nr. 12b við Laugarveg.

Stærð niðurrifs: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK25050486 um fyrirhugaða nýbyggingu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Laugavegur 48B - USK25030246

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta húðflúrstofu í rými 0101 í iðnaðarhúsi á lóð nr. 48b við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Mýrargata 33 - USK25050365

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi eignar 0115, á jarðhæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 33 við Mýrargötu.

Rýmið er í dag fokhelt en verður aðlagð að atvinnustarfsemi , sjálfsafgreiðsluvottahús.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

38. Pósthússtræti 2 - USK25070216

Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir loftræstiröri frá eldhúsi veitingastaðar í flokki II teg A fyrir 48 gesti í rými 0101 í hótél- og veitingahúsi, mhl.03, á lóð nr. 2 við Pósthússtræti.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags 4. mars 2024 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 6. maí 2008.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

39. Rafstöðvarvegur 14 - USK25060226

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061824, með síðari breytingum USK23090126 og USK24060129, vegna lokaúttektar þannig að vörulyfta er fjarlægð og stjórnstöð brunavarna færð í straumskiptistöð Orkuveitu Reykjavíkur á lóð nr. 14 við Rafstöðvarveg.

Erindi fylgir uppfærð skýrsla Öruggr um brunavarnir útg. V05 dags. 8. ágúst 2025, útg. V04 dags. 8. maí 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 7. maí og 25. júní 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimul og stofnerindi.

40. Skarfagarðar 2 - USK25070174

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24110242 þannig að kæliklefum er komið fyrir á 1. og 2. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 2 við Skarfagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og skýrsla brunahönnunar 05.08.2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

41. Stefnisvogur 1 - USK25050175

Sótt er um leyfi til að breyta USK24070158 sem snýr að tæknirýmum, sorpgeymslum, geymslum, útistigum, gólfkótum á jarðhæð/sorpi og yfirborð lægstu lóðar, atvinnurýmum á jarðhæð, innra fyrirkomulagi nokkurra íbúða, stækkun húss nr.2 þar sem útveggur er færður til ásamt flóttaleiðum, klæðningu, svalahandriðum og gluggabreytingum í húsum á lóð nr. 1 við Stefnisvog.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Suðurgata 22 - USK25030271

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057600 vegna lokaúttektar þannig að björgunarop í svefnherbergi í kjallara og á 2. hæð eru fjarlægð í húsi á lóð nr. 22 við Suðurgötu.

Erindi fylgir afrit af aðaltekningu samþykktri 8. júní 2021.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

43. Sægarðar 15 - USK24110320

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að reisa 360 m² tjaldskemmu til að nota sem bráðabirgðageymslu sem er einnig sýningarvara fyrir sölu á tjaldskemmulausnum á lóð nr. 15. við Sægarða.

Erindinu fylgir samþykki aðliggjandi lóðarhafa dags. 12. desember.2024

Frestað. Lagfæra skráningu.

44. Sólvallagata 1 - USK25020064

Sótt er um leyfi til að byggja nýtt anddyri á vesturhlið, og stækka viðbyggingu á suðurhlið og koma fyrir svölum á þaki beggja viðbygginga við einbýlishús á lóð nr. 1 við Sólvallagötu.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags,. 7. desember 2023 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 13. febrúar 2025.

Stækkun mhl. 01: 63,2 ferm., 169,8 rúmm.

Mhl. 01 eftir stækkun: 263 ferm., 741,8 rúmm.

Frestað. Vísað til áður gerðra athugasemda.

45. Thorsvegur 1 - USK25050334

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða stálgreindarhús fyrir skrifstofur, vélageymslu og lager, koma fyrir 6 bílastæðum og steinsteyptum jarðvegshólfum á skika 8, með aðkomu frá Thorsvegi á landi golfklúbbs Reykjavíkur við Korpúlfsstaði.

Stærð: 791.5 ferm., 2.179.6 rúmm

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 20. maí 2025, útreikningar u-gilda útg. 1 dags. 11. desember 2020, hæðablað fyrir skika 8 dags. 19. febrúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málið er til umfjöllunar hjá embætti skipulagsfulltrúa.

46. Tunguháls 15 -- USK25060424

Sótt er um stöðuleyfi til að koma fyrir 6 gámaeiningum á lóð Tunguháls 15 á afmörkuðu og lokuð svæði baka til.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Úthlíð 12 - USK25060191

Sótt er um leyfi til þess að grafa frá sökkulrými og koma fyrir inngang til suðurs og innréttu aukaíbúð í bílskúr, mhl.03, í eigu íbúðar 0101, koma fyrir svölum ofan á þaki bílskúrs yfir að íbúðarhúsi og meðfram suðurhlíð 1.hæðar á íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 12 við Úthlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 12. maí 1957.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Vatnagarðar 6 - USK25060045

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í opna á milli rýma 0101 og 0201, innréttu skrifstofur, kaffistofu og búningaöstöðu fyrir 22 starfsmenn í matvinnslu og 4 á skrifstofu, koma fyrir nýjum kælum, skábraut til að taka upp hæðamun milli rýma í vinnslusal, rými 0101 í iðnaðarhúsi á lóð nr. 6 við Vatnagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 17. júlí 2007 og 6. júlí 2004.

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Vesturgata 10 - USK25040153

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun einbýlishúss í atvinnurými í flokki 4, útleiguíbúð, við Vesturgötu 10, mhl.03 á lóðinni Vest. 6-10a/ Tryggv. 18.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 2. júlí 2025 og bréf hönnuðar dags. 8. apríl 2025.

Frestað. Málið til umfjöllunar hjá embætti skipulagsfulltrúa.

50. Vitastígur 14 - USK25020373

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að opnun milli hæða og nýjum stiga, kjallaragólf lækkað, auk innanhússbreytinga í kjallara í húsi nr. 14 við Vitastíg.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

Fundi slitið kl.12:10

Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Hafdís Anna Bragadóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir